



Áfangalýsing ML

Titill:	Inngangur að félagsfræði
Námsgrein:	Félagsfræði
Viðfangsefni:	Inngangur að félagsfræði
Skammstöfun:	FÉLA1AA05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Í áfanganum er félagsfræðin kynnt sem fræðigrein, eðli hennar, saga og þróun félagsvísinda. Fjallað er um samfélagið í ljósi þeirra áhrifa sem það hefur á einstaklinginn og líf hans. Helstu viðfangsefni félagsfræðinnar eru kynnt og nemendur læra að beita félagsfræðilegum hugtökum. Grunneiningar samfélagsins eru skoðaðar út frá sjónarhorni félagsvísinda og lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu nær og fjær svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt. Umræður varða meðal annars þróun samfélaga, menningu, lagskiptingu, atvinnulíf, trú, fjölmiðla, stjórn mála, kynhlutverka og fordóma í félagsfræðilegu ljósi. Nemendur kynnast einnig rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar.</p>
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnarþeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans til dæmis, fjölskyldunni, trúarbrögðum, efnahagskerfinu og vísindumgagnvirkni samfélags og einstaklingsréttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginuhvernig lagskipting, kynhlutverk og fjölmiðlar móta hegðun fólksalgengum fordómum gagnvart hópum fólks og hvernig þeir birtast í samfélaginuhelstu rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar
Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">afla sér traustra upplýsinga um félagsfræðileg efnibeita helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar í umfjöllun um félagsfræðileg málefni á skilmerkilegan háttgreina áhrif fjölmiðla, kynhlutverka og fordóma á eigin hegðun og annarrafjalla um félagsfræðileg efni bæði munnlega og skriflegaskilja gagnvirkni samfélags og einstaklingsmynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• beita félagsfræðilegum hugsunarhætti með algengustu hugtökum félagsvísinda• tengja félagsfræðina við daglegt líf og sjá notagildi hennar• leggja mat á eigin fordóma gagnvart öðrum hópum og greina ástæður þeirra• geta sett sig í spor annarra.• tileinka sér víðsýni, jafnréttissjónarmið og umburðarlyndi• geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýninni hugsun• tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál• beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra• hagnýta Netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni
Námsmat	Tilgreint í kennsluáætlun.